

REGLUR

um Ark-kerfi Greiðsluveitunnar ehf.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um Ark-kerfi Greiðsluveitunnar ehf.

Markmið reglna þessara er að tilgreina skilyrði fyrir aðild að Ark -kerfinu ásamt því að skilgreina hlutverk og ábyrgðarsvið aðila til að auka gagnsæi, skilvirkni og rekstraröryggi í kerfinu.

2. gr.

Skilgreining hugtaka.

Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Aðgangsstýrð þjónustuveita:

Aðgangsstýrt svæði á internetinu sem veitir móttakanda aðgengi að eigin skjölum sem þegar hafa verið send inn í Ark-kerfið. Allar þjónustuveitur sem sækja skjöl í Ark-kerfið skulu vera aðgangsstýrðar með rafrænum skilríkjum eða sambærilegri auðkenningu.

Aðild:

Aðild að Ark-kerfinu getur falið í sér fulla aðild og takmarkaða aðild.

1. Full aðild. Felst í því að aðili sendir eigin skjöl og/eða skjöl fyrir innsendingaraðila inn í Ark-kerfið og birtir skjöl móttakanda. Aðili með fulla aðild skal starfrækja netbanka og uppfylla skilyrði 3. gr. Aðili með fulla aðild getur starfrækt aðgangsstýrða þjónustuveitu.
2. Takmörkuð aðild. Felst í því að aðili sendir eigin skjöl inn í Ark-kerfið. Aðili með takmarkaða aðild skal uppfylla skilyrði 3. gr. og getur starfrækt aðgangsstýrða þjónustuveitu til að birta eigin skjöl.
3. Ef annað er ekki tekið fram í reglum þessum merkir „aðili“ eða „aðild“ bæði þá sem hafa fulla og takmarkaða aðild.

Ark-kerfið:

Sjálfstætt kerfi sem gerir aðilum kleift að birta í netbönkum eða í aðgangsstýrðri þjónustuveitu ýmis konar rafræn skjöl fyrir sig eða fyrir innsendingaraðila í viðskiptum við þá.

Birting:

Þegar rafrænt skjal hefur verið sent inn í Ark-kerfið og birst móttakanda í netbanka eða í aðgangsstýrðri þjónustuveitu.

Félagið:

Greiðsluveitan ehf.

Innsendingaraðili:

Útgefandi rafræns skjals sem hefur gert samning við aðila með fulla aðild og samþykkt skilmála um Ark-kerfið.

Móttakandi:

Er í viðskiptum við aðila með fulla og/eða takmarkaða aðild og hefur aðgang að netbanka og/eða aðgangsstýrðri þjónustuveitu.

Skjal:

Rafræn gögn sem eru birt. Slíkt skjal getur verið greiðsluhæft þ.e. falið í sér viðeigandi upplýsingar til greiðslu þess.

*Gertur Östman
Rit
18.05*

Tækniþjónusta: Vistun skjala sem tenglar í Ark-kerfinu vísa til.

Tækniþjónustufyrirtæki: Fyrirtæki sem hefur undirritað samning við aðila um tækniþjónustu.

3. gr.

Skilyrði fyrir aðild.

Umsækjendur um aðild að Ark-kerfinu skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði áður en aðild er samþykkt:

1. Vera eftirlitsskyldur aðili skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
2. Hafa yfir að ráða fullnægjandi tækni- og hugbúnaði að mati félagsins sem tryggir m.a. rétt aðgengi, rekjanleika og örugga og viðvarandi virkni búnaðarins í samræmi við bestu öryggiskröfur þar að lútandi á hverjum tíma.
3. Hafa yfir að ráða nauðsynlegri stjórnunarlegri getu og tækniþekkingu starfsmanna að mati félagsins sem tryggir m.a. góða stjórnarhætti, viðeigandi áhættustýringu og góða viðskiptahætti, í samræmi við bestu markaðsvenjur á hverjum tíma.
4. Hafa greitt eða samið um greiðslu stofn- og tengigjalds.
5. Hafa undirritað samning um aðild að Ark-kerfinu.

Greiðsluveitan getur ávallt gert úttekt á þeim atriðum sem kveðið er á um í 2. og 3. tölul. eða óskað eftir upplýsingum eða yfirlýsingu frá aðilum.

4. gr.

Skyldur aðila að Ark-kerfinu.

Til að stuðla að öryggi og skilvirkni í kerfinu skulu aðilar að Ark-kerfinu ávallt:

1. Tryggja að skilyrði 3. gr. séu ávallt uppfyllt.
2. Fara í öllu eftir reglum um Ark-kerfið.
3. Greiða skilvíslega öll gjöld fyrir aðild sína samkvæmt gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.
4. Senda félaginu öll skjöl innsendingaraðila sem ætluð eru til birtingar í Ark-kerfinu, með þeim takmörkunum sem leiða af 7. gr., sbr. þó einnig 2. málslíð 1. mgr. 5. gr.
5. Starfrækja prófunarumhverfi til að prófa allar breytingar á þeim kerfum sem eiga samskipti við Ark-kerfið. Prófanir skulu fara fram áður en viðbætur eru teknar í notkun og bera aðilar ábyrgð á eigin kerfisprófunum.
6. Bera ábyrgð á starfsemi þriðja aðila, útvisti aðili einstökum verkþáttum sem tengjast notkun Ark-kerfisins, þ.m.t. öryggi innsendra gagna í kerfið skv. 2. mgr. 4. gr.
7. Tilkynna félaginu tafarlaust öll mikilsverð atvik sem kunna að raska eða hafa raskað starfsemi Ark-kerfisins.
8. Taka þátt í öllum skipulögðum viðtökuprófunum og viðbúnaðaræfingum og koma sér upp viðbúnaðaráætlunum vegna tengingar og samskipta við Ark-kerfið.

Aðilar að Ark-kerfinu skulu tryggja öryggi eigin innsendra skjala og, þar sem við á, öryggi skjala innsendingaraðila. Leitast skal við að innsendingaraðilar uppfylli öryggisstaðla s.s. ISO/IEC 27001 er lúta að öryggismálum eða tryggja með öðrum sambærilegum hætti að innsend skjöl innihaldi ekki óværun eða spilliforrit.

5. gr.

Rafræn skjöl.

Einungis aðilar samkvæmt reglum þessum hafa heimild til þess að senda skjöl í Ark-kerfið. Heimild aðila með takmarkaða aðild skal takmörkuð við eigin skjöl.

Handwritten signature and notes in blue ink, including the name 'Jónas' and other illegible scribbles.

Rafræn skjöl birtast í netbönkum aðila og/eða í aðgangsstýrðum þjónustuveitum. Greiðsluhæf skjöl eru til greiðslu í gegnum netbanka eða aðra þjónustuveitu sem býður upp á slíka þjónustu.

6. gr.

Skilmálar um Ark-kerfið fyrir innsendingaraðila

Innsendingaraðilar skulu samþykkja sérstaka skilmála um Ark-kerfið áður en aðilar með fulla aðild senda skjöl í kerfið fyrir þeirra hönd og ber sá síðarnefndi ábyrgð á að innsendingaraðilar samþykki skilmála samkvæmt ákvæði þessu.

7. gr.

Óheimil skjöl.

Óheimilt er að senda skjöl í Ark-kerfið frá aðilum sem hvorki uppfylla 3. né 4. gr. né hafa undirritað skilmála skv. 6. gr. Birting fréttabréfa og auglýsinga er óheimil. Ekki er heimilt að setja merki aðila á sniðmát innsendingaraðila nema þegar aðilar eru beinir innsendingaraðilar skjala.

Óheimilt er að birta fullt greiðslukortanúmer í Ark-kerfinu og aldrei má birta meira en fyrstu sex og síðustu fjórar tölur þess.

Óheimilt er að senda tengla í Ark-kerfið sem vísa í skjöl á vefsvæðum eða annarsstaðar utan þess nema slík skjöl séu vistuð hjá tækniþjónustufyrirtæki samkvæmt reglum þessum.

Skjöl sem ekki fullnægja öllum skilyrðum fyrir birtingu má félagið fjarlægja án sérstakrar aðvörunar, svo sem ef þau innihalda tölvuveiru, spilliforrit eða ógna upplýsingaöryggi á einhvern hátt.

8. gr.

Tækniþjónustufyrirtæki.

Tækniþjónustufyrirtæki starfa í umboði og á ábyrgð aðila. Áður en aðilar veita tækniþjónustufyrirtæki heimild til að þjóna þeim innsendingaraðilum sem eru í viðskiptum við aðila, skal tækniþjónustufyrirtæki undirrita samning við aðila um tækniþjónustu. Í samningi um tækniþjónustu skal tækniþjónustufyrirtæki m.a. ábyrgjast:

1. Að allir tenglar sem vísa í eða sækja skjöl sem vistuð eru hjá þeim fari ávallt yfir SSL - samskipti (https) með gildu vefskilríki.
2. Að tenglar vísi ávallt í ákveðin skjöl en ekki svæði margra skjala.
3. Að engir tenglar sem vísa í skjöl sem vistuð eru hjá þeim innihaldi kennitölu, nafn eða önnur persónugreinanleg einkenni.
4. Að allir tenglar hafi slík sérkenni að ómögulegt sé fyrir móttakanda að giska á slóðir annarra skjala.

Allir tenglar sem vísa í skjöl hjá tækniþjónustufyrirtæki skulu opnast í nýjum glugga og upplýsa skal móttakanda um að slík skjöl séu vistuð utan Ark-kerfisins, að reglur Ark-kerfisins um öryggi slíkra skjala gildi ekki um þau og að þau kunni að breytast án fyrirvara.

Aðilar bera ábyrgð á að tækniþjónustufyrirtæki undirriti samning um tækniþjónustu skv. 1. mgr. áður en þeim er veitt heimild til að annast tækniþjónustu fyrir innsendingaraðila.

9. gr.

Eftirlit og þjónusta.

Félagið vaktar og hefur eftirlit með Ark-kerfinu.

Jonas Pelt
Gardur

Félagið veitir aðilum aðgang að sérstakri þjónustumiðstöð sem opin er kl. 8-16 virka daga. Jafnframt miðlar félagið þeim upplýsingum til aðila sem það býr yfir og geta nýst þeim fyrir aðild sína að Ark-kerfinu.

Félagið skal aðstoða aðila hafi alvarlegar bilanir eða óhöpp átt sér stað í Ark-kerfinu og ber félaginu að tryggja aðilum og tækniþjónustufyrirtækjum á þeirra vegum aðgang að nauðsynlegum upplýsingum í samræmi við hlutverk þeirra.

Félagið skal bregðast við alvarlegum bilunum í rekstri kerfisins eins fljótt og unnt er.

Aðilar geta sótt um aðgang að þjónustuvef Ark-kerfisins þar sem hægt er að fá upplýsingar um innsendingar og stöðu þeirra.

10. gr.

Þróun og viðhald.

Öll þróun, viðhald og uppfærsla Ark-kerfisins er á forræði félagsins. Félagið áskilur sér rétt til þess að ákveða einhliða að breyta, auka eða minnka þá þjónustu sem veitt er í kerfinu. Allar slíkar breytingar skulu tilkynntar með fyrirvara.

Nauðsynlegt viðhald Ark-kerfisins getur truflað rekstur þess í einhverjum tilfellum. Félagið sinnir ekki slíku viðhaldi á annatíma. Fyrirhuguð truflun af þessum sökum skal tilkynnt með fyrirvara.

Félaginu er einu sinni á hverju almanaksári heimilt að stöðva vinnslu í kerfinu í allt að átta klukkustundir. Slíkt skal aðeins gert um helgi og tilkynnt eins snemma og unnt er og með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Félagið ber ekki ábyrgð á því ef þróun og uppfærsla Ark-kerfisins leiðir til þess að nauðsynlegt verður fyrir aðila að breyta þeim vél- og hugbúnaði sem hann nýtir til samskipta við kerfið og tekur ekki þátt í kostnaði sem hlýst af því.

11. gr.

Geymsla skjala.

Skjöl vistuð í Ark-kerfinu eru varðveitt a.m.k. í sjö ár frá innsendingu þeirra og eru móttakendum aðgengileg þann tíma, nema um annað sé sérstaklega samið.

12. gr.

Tengiliðir.

Aðilar skulu afhenda félaginu lista yfir eftirtalda:

1. Tengiliði sem félagið getur haft samband við vegna atriða sem varða Ark-kerfið, s.s. vegna almennrar upplýsingamiðlunar, reglna, samninga og þjónustu við kerfið og annarra atriða.
2. Tengiliði sem félagið getur haft samband við komi upp vandamál tengd rekstri Ark-kerfisins.

Aðilar bera ábyrgð á að framangreindir listar séu ávallt réttir og uppfærðir í samræmi við starfsskyldur starfsmanna hans hverju sinni.

13. gr.

Breytingar á skjölum.

Þegar skjöl frá innsendingaraðila eða aðila hafa verið birt í netbanka eða aðgangsstýrðri þjónustuveitu eignast móttakandi full og óafturkræf yfirráð yfir viðkomandi skjali með þeim takmörkunum sem leiðir af 11. gr.

Handwritten signatures:
Gertur
Búi

Ekki er heimilt að breyta skjölum, eyða þeim eða fella niður skjöl eftir að þau hafa verið birt móttakanda í Ark-kerfinu. Allar leiðréttingar verða gerðar með birtingu nýs rafræns skjals. Ekki má breyta þeim sniðmátum sem eiga uppruna sinn í Ark-kerfinu.

14. gr.

Aðgangur að skjölum.

Eingöngu eftirfarandi aðilar skulu hafa aðgang að birtum skjölum:

1. Móttakandi.
2. Sérstakir tæknimenn félagsins eða aðilar á hennar vegum. Aðgangur samkvæmt þessum lið skal vera rekjanlegur, frá fyrirfram skilgreindum IP-tölum.

Félagið heldur utan um lista yfir aðila samkvæmt 2. lið .

15. gr.

Ábyrgð á innsendum skjölum.

Aðili að Ark-kerfinu ber ávallt ábyrgð á að innsendingaraðili hafi fulla ráðstöfunarheimild yfir þeim skjölum sem hann birtir eða sendir móttakanda. Aðili ber einnig ábyrgð á því að birt skjöl séu ávallt í fullu samræmi við gildandi skilmála, lög og stjórnvaldsreglur, þar með talin refsíákvæði og ákvæði um hugverkaréttindi, velsæmi og meðferð persónuupplýsinga. Skjöl sem ekki uppfylla þær kröfur má fjarlægja um leið og kvartanir berast eða þeirra verður vart með öðrum hætti. Aðila verður send tilkynning þar um.

Aðili að Ark-kerfinu er ábyrgðaraðili og félagið, eða rekstraraðilar á þess vegum, er vinnsluaðili sérhverra þeirra persónuupplýsinga sem kann að vera að finna í þeim skjölum sem innsendingaraðilar birta í Ark-kerfinu.

Félagið gerir vinnslusamning við hvern aðila og gegnir sá samningur meðal annars hlutverki vinnslusamnings í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þegar skjöl hafa verið birt gerist aðili ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem þar kunna að vera.

16. gr.

Umsóknir.

Umsækjendur um aðild að Ark-kerfinu skulu fylla út þar til gert umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins. Umsókn telst aðeins gild sé hún rétt útfyllt og meðfylgjandi séu umbeðin fylgiskjöl í samræmi við leiðbeiningar á umsóknareyðublaðinu.

17. gr.

Upplýsingagjöf.

Aðilar að Ark-kerfinu skulu leggja fram öll þau gögn sem félagið telur nauðsynleg og ekki eru bundin þagnarskyldu samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, til þess m.a. að ganga úr skugga um að aðili virði lög, reglur og skilmála sem um Ark-kerfið gilda og varða viðskipti hans í kerfinu á einn eða annan hátt að mati félagsins.

Félaginu er heimilt að birta tölfraeðilegar upplýsingar er varða Ark-kerfið. Slíkar upplýsingar skulu aldrei birtar á þann hátt að hægt sé að greina einstaka aðila eða innsendingaraðila.

18. gr.

Heimild til útvistunar.

Félaginu er heimilt að fela utanaðkomandi aðila, hér eftir nefndur útvistunaraðili, að annast tiltekna þjónustupætti sem varða rekstur Ark-kerfisins. Slík útvistun hefur ekki áhrif á ábyrgð, réttindi eða skyldur samkvæmt reglum þessum. Félagið skal sýna eðlilega aðgæslu í tengslum við val, tilnefningu og eftirlit

*La
þema
gerður
Hönnun
Kleis*

með útvistunaraðila samkvæmt þessari grein. Samningar félagsins vegna þýðingarmikilla þjónustubátta skulu vera skriflegir.

Tryggt skal að útvistunaraðili annist tæknilegan rekstur í samræmi við góða starfshætti, sbr. leiðbeinandi tilmæli fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum nr. 6/2014.

19. gr.

Lokun.

Nú nýtir aðili að Ark-kerfinu eða innsendingaraðili búnað til samskipta við kerfið sem ekki er nægjanlega samhæfður kerfinu og er þá félaginu heimilt að loka aðgangi hans að kerfinu að hluta eða að fullu, telji félagið að umræddur búnaður valdi hættu á truflunum í rekstri kerfisins.

Ef aðili að Ark-kerfinu brýtur reglur þessar eða önnur lög eða reglur sem um greiðsluþjónustu gilda getur félagið beitt lokun enda hafi aðili ekki sinnt áminningu um úrbætur innan tiltekinna tímamarka. Bregðist aðili ekki við ítrekuðum áskorunum þrátt fyrir að lokun hafi verið beitt er félaginu heimilt að rifta samningi um aðild án frekari fyrirvara. Félaginu er heimilt að birta opinberlega tilkynningu ef gripið er til úrræða samkvæmt þessari grein.

20. gr.

Ábyrgð.

Félagið ber skaðabótaábyrgð eftir almennum reglum skaðabótaréttar á beinu tjóni aðila, sem rekja má til ásetnings eða stórfellds gáleysis félagsins eða starfsmanna sem það ber ábyrgð á, með þeim undantekningum sem fram koma í reglum þessum.

Félagið skal í engu tilfelli teljast ábyrgt fyrir óþægindum, kostnaði, missi fjárfestingartækifæra eða öðru óbeinu fjártjóni, sem stafar til dæmis af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi Ark-kerfisins. Gildir einu þótt truflunin stafi af uppfærslu eða endurbótum á búnaði kerfisins, en þegar þess er kostur skal félagið tilkynna aðilum slíkar truflanir með fyrirvara, sbr. 2. mgr. 10. gr.

Félagið ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða atriða sem talin verða falla undir óviðráðanleg tilvik (force majeure).

Hafi aðili valdið því eða átt þátt í því að tjón varð eða afleiðingar þess urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins.

21. gr.

Allsherjar takmörkun ábyrgðar.

Samanlögð ábyrgð félagsins gagnvart öllum aðilum skal vera takmörkuð við tíu milljónir króna vegna allra krafna sem rísa vegna eins og sama tjónstilviks. Félagið metur hvað skal teljast eitt og sama tjónstilvik í þessum skilningi, en til dæmis skal litið svo á að tjón vegna eins og sama atburðar teljist eitt tjónstilvik.

Samanlögð árleg ábyrgð félagsins gagnvart öllum aðilum skal vera takmörkuð við fimmtán milljónir króna vegna allra krafna, án tillits til þess hversu mörg tjónstilvikin hafa verið.

Sérhverri fjárhæð, sem sætir takmörkun ábyrgðar samkvæmt þessari grein, skal skipta milli kröfuhafa að tiltölu við kröfur þeirra.

Heimild til takmörkunar samkvæmt þessari grein skal vera fyrir hendi án tillits til þess á hvaða grundvelli ábyrgðin hvílir.

*Stjórn
Ráðgjafi*
*Jónas
Gardur*

22. gr.

Tilkynningar um tjón.

Skaðabótakröfu ber að lýsa á hendur félaginu þegar í kjölfar tjónsatburðar eða í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá því að tjónsatburður varð eða aðila mátti vera ljóst að tjón hafi orðið. Að öðrum kosti fellur krafa á hendur félaginu niður.

Bætur sem félagið ber að greiða aðila verða greiddar eins fljótt og unnt er eftir lok þess almanaksárs sem krafa eða kröfur eru settar fram.


23. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi hinn 15. apríl 2020.

Reykjavík, 15. apríl 2020.

Greiðsluveitan ehf.



Guðmundur Kr. Tómasson,
stjórnarformaður

Páll Kolka Ísberg,
stjórnarmaður



Gerður Ísberg,
stjórnarmaður



Tómas Örn Kristinsson,
stjórnarmaður